



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Klambrar

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	7
2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023	8
Uppbyggingastefnan Uppeldi til ábyrgðar:	8
Vináttuverkefnið Blær:	9
Gæðamálörvun í daglegu starfi	10
2.2 Umbótaþættir skólaárið 2022-2023	11
2.2.1 Stjórnun	11
2.2.2 Uppeldis- og menntastarf	12
2.2.3 Leikskólabragur	12
2.2.4 Innra mat	13
3 Innra mat	14
3.1 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023 frá Hlíð	14
3.2 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023 frá Holti	15
3.3 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023 frá Túni	17
3.4 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023 frá Teig	19
3.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023	21
3.5.1 Myndlist	21
3.5.2 Tónlist	23
3.5.3 Upplýsingatækni	24
4 Innra mat sérkennslu	26
4.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023	26
5 Innra mat – fjöltyngd börn	27
5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022	27
5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023	28



6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	29
6.1	Starfsdagar og fræðsla skólaársins 2021-2022	29
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	30
7.1	Samstarf Grunnskóla og leikskóla	30
8	Foreldrasamvinna	31
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	32
10	Fylgigögn A	33
10.1	Starfsáætlanir Deilda	33
10.1.1	Hlíð	33
10.1.2	Holt	35
10.1.3	Tún	36
10.1.4	Teigur	38
10.1.5	Myndlist	39
10.1.6	Tónlist	41
10.2	Fylgigögn B- Umsögn foreldraráðs	42

Leiðarljós leikskólans

Starfsgleði og jákvæðni

Við sköpum börnunum gleðiríkt umhverfi þar sem þau finna starfsgleði sína í leiknum. Kennarar skuldbinda sig til þess að vinna að því af heilum hug að björtu hliðarnar ráði ríkjum til þess að nám barnanna verði þroskandi, gefandi og skemmtilegt.

Gagnrýnin og skapandi hugsun

Við bjóðum börnunum upp á leikefni sem gefur þeim tækifæri til þess að njóta meðfæddra hæfileika sinna til þess að skapa leikinn sjálf. Því er lítið um hefðbundin leikföng sem fela í sér fyrir fram gefnar lausnir.

Öryggi og traust

Umhverfi leikskólans er skapað þannig að börnin finni til öryggis. Einstaklingurinn fær að njóta sín innan hópsins og kennarinn fylgist grannt með þörfum og líðan hvers barns. Gagnkvæm virðing og traust ríkir á milli heimilis og skóla.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það eru ákveðinn forréttindi að geta komið í leikskólann og átt stund saman, börn starfsmenn og foreldrar. Það er ekki svo langt síðan að það var ekki hægt en sem betur fer erum við ekki lengur í þeim sporum sem við stóðu í fyrir ári síðan.

Skólaárið 2021-2022 hefur einkennst af seiglu, bæði að hálfu starfsmanna, foreldra og barna. Hér blasti við annað landslag heldur en á að venjast þar sem starfsmenn báru grímur og fóru eftir tilmælum um fjarlægðarmörk. Börnin tókust á við þessar breyttu aðstæður í samfélaginu og í skólanum sínum með opnum hug. Og getum við verið stolt af þeirra viðbrögðum gagnvart því ástandi sem ríkti.

Síðasta skólaár 2021-2022 var lagt upp með að vinna með félagsfærni og sjálfseflingu með áherslu markvissa málörvun. Þessir þættir voru ofnir inn í starfið í vetur hvort sem verið var að vinna vináttuverkefni blæ eða við myndsköpun.

Öll börnin fengu kennslu í myndlist, tónlist og upplýsingatækni þar sem mörg verkefni voru unnin. Ef við byrjum á myndlistinni þá gerðu öll börn sjálfsmynd í byrjun vetrar og aftur í vor. Skemmtilegt var að sjá hvernig myndirnar höfðu þróast í tækni hjá mörgum. Einnig voru unninn ákveðin samvinnu verkefni sem voru hengd upp. Gerðar voru grímur sem settar voru upp í fataherbergi auk þess sem hvert barn var með svokallaða teiknibók sem hægt var að nýta í gegnum veturinn.

Í tónlistinni var unnið með ákveðin lög. Tekið var þátt í samvinnu verkefni þar sem sungin voru lög eftir Bubba í Hörpu. Myndaður kór með Túni sem söng nokkrum sinnum í vetur m.a. fyrir jólin. Auk þess fengu börnin tækifæri á að spila á hljóðfæri og að prófa sig áfram með hljóðfærin sem til eru í skólanum. Oft voru mikil læti en þeim fylgdi oft mikill hlátur.

Í upplýsingatækni fengu börnin kennslu á ípad og að í notkun ýmsum forritum tengdum tölum, röðun, formum auk þess sem þau fengu að upplifa fyrstu skrefin í forritun.

Á komandi skólaári 2022-2023 munum við halda áfram að byggja á þeim góða grunni sem við finnum fyrir í starfinu, við höfum fengið til liðs við okkur nýjan sérkennslustjóra auk

Þess sem ráðin hefur verið við skólann verkefnastjóri fjölmennningar. Haldið verður áfram með markvissa kennslu í tónlist, myndlist og upplýsingatækni með áherslu á eldri árganga skólans. Menntastefnuþættirnir félagsfærni og sjálfsefning munu fylgja starfinu áfram í vetur auk þess sem vinna með Blæ mun fléttast saman við menntastefnuþættina.

Við horfum saman bjartsýn til næsta skólaárs, með þekkingu og reynslu fyrri ára, með von um farsælt skólaár.

Anna Björk Marteinsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri Klambra

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Námsumhverfi barna	Matslistum menntastefnu Reykjavíkurborgar um leikskóla margbreytileikans	Starfsmenn	Gerð var umbótaáætlun
Starfið skólaárið 2021-2022	Skriflegt mat	Starfsmenn og deildastjórar	Niðurstöður voru að mikið af góðum verkefnum voru unnin. Starfið veturinn 2021-2022 var litað af veikindum og farsótt sem olli ákveðinni faliðun.
Maturinn	Spurningar, tekið var upp myndband með svörum	Elstu börnin	Börnunum fannst ýmislegt gott, eins og appelsínur, hamborgarar og grjónagrautur.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
-----------------	-------------------------	-----------------------------	--

		(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	
Ýmsir þættir leikskólans	Könnun á netinu	Starfsmenn og foreldrar	

2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

Skólaárið fer m.a. í halda áfram að innleiða uppbyggingastefnuna Uppeldi til ábyrgðar sem mun fléttast saman við Klambra andann okkar sem og menntastefnuþættina félagsfærni og sjálfsefningu. Vináttuverkefnið Blær mun spila stórt hlutverk í vinnu okkar með áðurnefnda þætti. Allar deildir fara af stað með svipuð verkefni byggð á áherslum úr uppbyggingarstefnunni uppeldi til ábyrgðar og menntastefnu Reykjavíkurborgar sem verður útfært í samræmi við þroska og aldurs nemendanna.

Umbótaþættir starfsársins 2022-2023 eru annars vegar unnir út frá því innra mati sem gert var á síðasta starfsári og áherslupáttum menntastefnu Reykjavíkur hins vegar.

Til að styrkja enn frekar fagmennsku starfsmannahóps Klambra mun allt endurmat fara fram á sameiginlegum fundum og þar að auki hjá stjórnendateymi.

Uppbyggingastefnan Uppeldi til ábyrgðar:

Uppbyggingarstefnan Uppeldi til ábyrgðar er mannúðarstefna sem miðar að því að ýta undir sjálfsaga barna og þjálfar þau í að sýnum með því að ræða um átta sig á þörfum sínum. Það skiptir hlutverk sitt og finni að þér séu til ábyrgðar miðar að því að ýta ábyrgð, sjálfsstjórn og að börnin sýnum. Hlutverk starfsmanna er jákvæð samskipti. Vinnuaðferðinni styðja starfsmenn leikskólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og aga mál. Þarna gefst okkur tækifæri að flétta saman vinnu með börnunum á sama tíma og við erum að efla okkur sem eina heild og vinna að sama markmiði.



læra af mistökum tilfinningar sínar og máli að allir þekki mikilvægir. Uppeldi undir sjálfsaga, læri af mistökum m.a. að ýta undir er einnig ætlað að

Þróunarverkefni Menntastefnu Reykjavíkurborgar:

Þessu skólaári verður helgað **sjálfsefningu og félagsfæri** í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Það á vel við þar sem uppeldisstefnan Uppeldi til ábyrgðar leggur ríka áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum og hvetur til sjálfstæðrar hugsunar.

Sjálfsefning:

Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefning byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Félagsfærni:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annara og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Mikilvægi félagsfærni og sjálfsefningu er ótvíræð en í samskiptum má ekki gleyma hæfni barna til þátttöku. Huga þarf að öllum þáttum máls svo sem tjáningu og frásögn, hlustun, hljóðkerfisvitund, orðaforða, málskilningi og myndmáli ásamt félagslegu tungumáli, áhuga og styrkleikum barna. Að geta tjáð sig með góðu móti er einn af lyklum félagsfærni.

Vináttuverkefnið Blær:

Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær, mun verða sem gegnum allt skólaárið. Nokkrir starfsmenn Klambra námskeið sem mun verða styrkur í að gera þetta markvissu og skilvirku kennslugagni bæði í innleiðingu Uppeldi til ábyrgðar sem og vinnu okkar sjálfsefningu. Hugmyndafræði og gildi verkefnisins rannsóknum á einelti og því er það mikilvægt að vera samofið öllu skólastarfi. Markmið verkefnisins er að allir í Klömbrum, jafnt ungir sem aldnir eigi góð samskipti og tileinki sér jákvæð viðhorf. Með þessu sköpum við góðan



rauður þráður í hafa nú þegar sótt verkefni að tengslum við með félagsfærni og byggir á nýjustu verkefnið skuli



staðarbrag þar sem börnin fá að njóta sín í vinnu sem byggir þau upp til að takast á við þau verkefni sem býður þeirra að leikskóladvöl lokinni.

Hugmyndafræði vináttuverkefnisins Blæs endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

1. Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

2. Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða fjölbreytileikann innan hópsins.

3. Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

4. Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Gæðamálörvun í daglegu starfi

Verkefni sem MML, miðja máls og læsis, hafa lagt fram til stuðnings við máltöku barna á leikskólum og til að hjálpa þeim ná betri tökum á málinu. Þetta verkefni er ekki síst mikilvægt hér á Klömbrum þar sem fjölmeningin er mikil. Veggspjald frá MML verður sýnilegt öllu starfsfólki inn á deildum þar sem allir eru hvattir til að temja sér þau vinnubrögð sem þar eru sett fram en þau eru:

- Settu orð á alla hluti og athafnir
- Endurtaktu oft
- Barn þarf að heyra rétt mál
- Farðu inn í leik barns eða barna
- Vertu í augnhæð barnsins
- Bíddu eftir viðbragði (svari) barns
- Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir

Tónlist, myndlist og upplýsingatækni

Unnið verður áfram með þessa þrjá þætti en með öðru sniði en unnið hefur verið, megin áhersla verður á eldri börn skólans þ.e. börn sem fædd eru 2017, 2018 og 2019. Yngri börnin fá einnig kennslu í þessum greinum en með öðru sniði, reynt verður að fær þeirra kennslu meira inn á deildarnar og vefja kennsluna í gegnum leikinn.

2.2 Umbótaþættir skólaárið 2022-2023

Ákveðnir þættir verða teknir fyrir aukalega þetta skólaár og það eru þættir sem snúa að stjórnun, uppeldis og menntastarfi, leikskólabrag og innra mati. Leitast verður eftir því að efla starfið í skólanum samhliða þessum umbótum.

2.2.1 Stjórnun

Upplýsingar: Að ná betri tökum á upplýsingaflæði.

Tækifæri til umbóta: með markvissari fundum.

Ábyrgð: leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: skriflegt endurmat í janúar auk vefkönnunar í maí.

Viðmið um árangur: er að starfsfólki finnist gott upplýsingaflæði á vinnustaðnum sínum

Fundir: Að fundum verði ekki frestað

Tækifæri til umbóta: Að festa ákveðna fundi og auðvelda þannig upplýsingarflæði

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í lok skólaársins

Viðmið um árangur: Viðmið að fundir haldist án þess að vera frestað

Skipulag: Að festa skipulag fyrir undirbúninginn og fundi

Tækifæri til umbóta: Að allt skipulag liggi fyrir að hausti

Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og aftur í maí.

Viðmið um árangur: Viðmið um árangur fellst í ánægju starfamanna með skipulagið.

2.2.2 Uppeldis- og menntastarf

Aukinn áhersla á elstu börnin: Að elstu börnin fái fleiri námstækifæri

Tækifæri til umbóta: Gerð verður sér svæði fyrir elstu börnin

Ábyrgð: Deildastjóri Teigs og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat í janúar og maí einnig verður verkefnið metið í gegnum foreldrasamtöl. Samtal með elstu börnum eftir áramót

Viðmið um árangur: Viðmið er að það skapist meiri vinnufriður og fleiri námstækifæri fyrir elstu börnin

Verkefnastjóri fjölmennningar: Ráðin hefur verið verkefnastjóri fjölmennningar

Tækifæri til umbóta: Gera kennslu fyrir börn með íslensku sem annað mál markvissari

Ábyrgð: Sérkennslustjóri og verkefnastjóri fjölmennningar

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt mat á verkefninu í janúar og maí.

Viðmið um árangur: Viðmið er að börn með íslensku sem annað tungumál nái að aðlagast umhverfinu í leikskólanum

2.2.3 Leikskólabragur

Uppeldi til ábyrgðar: Að byggja upp samskipti starfsmanna

Tækifæri til umbóta: Fræða starfsmenn og börn um leiðir til að eiga í góðum samskiptum

Ábyrgð: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Skriflegt endurmat vorið 2023

Viðmið um árangur: Viðmið er góður skólabragur

Námsferð: Efla starfsandann

Tækifæri til umbóta: Gefa starfsfólki tækifæri á að fræðast um leikskóla og spegla sameiginlega

Ábyrgð: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri

Tímalengd: Skólaárið 2022-2023.

Hvernig og hvenær er metið: Gerð verður starfsmannakönnun á netinu fyrir lokun 2023

Viðmið um árangur: minni stafsmannavelta og lægri veikindaprósenta.

2.2.4 Innra mat

Starfsáætlun 2022-2023: starfsáætlun greind

Tækifæri til umbóta: skoðaðir einstakir þættir innan starfsáætlunar og skoðað hvað megi betur fara

Ábyrgð: aðstoðarleikskólastjóri, deildastjórar og verkefnastjórar

Tímalengd: undir lok skólaárs 2023.

Hvernig og hvenær er metið: gert verður skriflegt endurmat sem birt verður í starfsáætlun 2023-2024

Viðmið um árangur: að skólinn verði eftirsóttur starfstaður og að starfsmenn séu stoltir af því starfi sem fer fram í skólanum

3 Innra mat

3.1 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023 frá Hlíð

Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgða. *Viðmið um árangur voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börn og fullorðna í samskiptum.*

Starfsmenn eru með jákvæð samskipti milli sín og milli sín og barnanna brosa og hafa gaman saman. Starfsmenn miða að því að börnin hafi líka jákvæð samskipti milli sín. Þau eru að læra að leika saman og vera í hóp.

Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar. *Viðmið fyrir sjálfsefningu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd. Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.*

Sjálfefling kemur meðal annars skírt fram í matsalnum. Þar fara 3-4 börn fram í einu með kennara börnin mega ná í diskinn sinn og skammta sér sjálf. Þegar þessi hópur er byrjaður að borða þá fara næstu 4 fram og svo frv. Börnunum gengur vel að bíða eftir að komast fram og þá er verið að syngja, gera Yoga eða eitthvað annað skemmtilegt meðan beðið er. Þegar börnin eru búin að borða þá ganga þau sjálf frá disknum sínum. Þau eru ótrúlega fljót að læra á matsalin og finnst hann spennandi. Þetta eflir börnin. Við erum með búningadót sem þeim finnst gaman að klæða sig í, það eflir börnin að prófa að klæða sig sjálf. Sum börnin eru að byrja að sýna áhuga á að klæða sig í útiföt.

Félagsfærni börnin eru að læra á umhverfi sitt á leikskólanum. Fylgjast með hinum börnunum læra á þeirra mörk og sín eigin mörk, læra að leika við önnur börn og við skiptast á.

Vináttuverkefni Blær. *Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.*

Börnin eru byrjuð að ná í Blæ og færa barninu sem er að gráta svo barninu líði betur. Mörg barnanna á deildinni vilja sofa með Blæ í hvíldinni og biðja þau um hann þegar kemur hvíld. Stóri Blær er stundum að syngja með börnunum og gefa börnunum knús. Það finnst börnunum mjög skemmtilegt. Börnin ráða hvort þau vilja fá knús. Þau koma líka stundum hlaupandi með litla Blæ svo hann fái líka knús. Stundum ná börnin í Blæ fyrir sig sjálf ef þeim langar að knúsa hann eða hafa hann með sér í leiknum sínum.



Gæðamálörvun í daglegu starfi. *Viðmið að börnin nái betri tökum á íslenskri tungu.*

Á Hlíð er mikið verið að lesa bækur með börnunum og Loð töflu saga er einu sinni á dag. Einnig er myndrænt skipulag á deildinni, bæði á spjaldi sem farið er yfir í samverustund og svo eru kennararnir með myndrænt skipulag um hálsin. Börnin eru mjög áhugasöm um það og fara yfir myndirnar með kennaranum. Kennarar eru duglegir að leggja orð á það sem verið er að gera en það má alltaf bæta það. Það er mikið sungið og börnin er dugleg að syngja og gera hreyfingar með lögnum.

Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni. *Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.*

Börnunum og starfsfólki finnst mjög gaman þegar Alessandro tónlistarkennari kemur með tónlist inn á deild og tóku börnin virkan þátt hjá honum. En vegna manneklu í vetur þá hefur hann ekki náð að koma eins mikið inn á Hlíð og hann hefði átt að gera. Einnig var æðislegt að fá Signý myndlistarkennara inn á deild og börnin elskuðu að fara í verkefni til hennar. Signý náði ekki að vera eins mikið hjá okkur eins og hefði átt að vera vegna manneklu. Það var ekki komið mikið með upplýsingartækni inn á deild þennan veturinn en það verður eflaust bætt úr því næsta vetur. Hreyfing fólst meðal annars í hreyfistund inni og úti. Aðeins var farið í göngutúra og kerruferð en mikilvægt að bæta úr því en þó ekki hafi verið mikið um göngutúra og kerruferðir þá var mikil útivera hjá börnunum í litla garði á morgnana og stóra garði seinnipartinn.

3.2 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023 frá Holti

Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgða. *Viðmið um árangur voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efla börn og fullorðna í samskiptum.*

Starfsmenn Holts eru í heildina á litið með jákvæð samskipti og gott upplýsingaflæði. Bæði tvennt stuðlar að heilbrigðum vinnustað og auðveldar okkur daglegt starf með börnum deildarinnar. Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgðar hefur þó því miður ekki skilað sér nægilega vel inn á Holt, en líklegast er hægt rekja það til utanaðkomandi aðstæðna eins og s.s. manneklu, veikinda starfsfólks og töluverðar starfsmannaveltu. Það hefur reynst erfitt að halda deildarfundum í vetur og því nánast ómögulegt að upplýsa nýtt starfsfólk um stefnur og áherslur deildarinnar til hlítar.



Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar. Viðmið fyrir sjálfsefningu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd. Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.

Sjálfsefning á Holti gekk brösuglega í fyrstu en virðist hafa komist á rétt ról undanfarna mánuði. Börnin fá sjálf að ákveða hvaða mat þau kjósa að fá á sinn disk þann daginn ásamt því að mega skekja sér sjálf þegar við á. Þau ganga sjálf frá sínu leirtau og mörg eru farin að þrifa upp eftir sig þegar það sullast. Sjálfsefning í matsal hefur gengið vel seinnipart árs en gekk erfiðlega í fyrstu þar sem mikið tilfinningauppnám kom upp á deildinni þegar eingöngu örfá börn fengu að fara í einu. Þessu fyrirkomulagi var breytt og nú fer um helmingur barnanna í einu en hinn helmingurinn bíður í örfáar mínútur. Eftir útiveru og eftir mat fara börnin sjálf inn á baðherbergi og þvo sér sjálf um munn og hendur, sem gengið hefur einstaklega vel. Fyrir matmálstíma og áður en farið er út eða í samveru er tekið til á deildinni og börnin hjálpast að við að ganga frá þeim leikföngum sem voru í notkun. Tiltekt á deildinni að þessu leyti er nokkuð nýlega komin til en hefur gengið vonum framar. Einnig klæða börnin sig að mestu í og úr útifatnaði sjálf.

Félagsfærni barna á Holti er stöðugt að styrkjast. Börnin eru hvött til að setja sér mörk ásamt því að leysa deilur sjálf þegar það á við. Þetta getur reynst krefjandi þar sem börnin á Holti tala mörg mismunandi tungumál og erfitt getur verið fyrir þau að skilja hvert annað. Hópleikur hefur þó verið mjög sterkur undanfarið á Holti og samskipti barnanna í milli fara batnandi.

Vináttuverkefni Blær. Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Á Holti höfum við mikið nýtt okkur vináttuverkefnið Blæ í daglegu starfi. Litlir Blæ bangsar eru á deildinni þar sem börnin ná til þeirra og hvert barn á sinn bangsa. Þrátt fyrir að vikulega eigi að fara í Blæ stundir hefur það oft gengið illa eða setið á hakanum sökum tímaleysis og lítils undirbúnings. Því hefur kennsla í Blæ staðnað nokkuð þar sem ekki hefur verið hægt að undirbúa framhaldsefni eða senda fleiri starfsmenn deildarinnar á Blæ námskeið.

Gæðamálörvun í daglegu starfi. Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.

Í vetur störfuðu eingöngu tveir fastir starfsmenn á Holti með Íslensku sem móðurmál. Sökum þessa hefur reynst erfitt að stuðla að gæða málörvun þar sem erlendir starfsmenn hafa oft ekki nægilegt vald á tungumálinu til styrkja íslenskukunnáttu barnanna á þann máta sem gæðamálörvun í daglegu starfi krefst.

Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni. *Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils*

Tónlistarkennsla á Holti hefur gengið einstaklega vel og mikið verið sinnt. Börnin hafa notið góðs af hinum ýmsu leiðum sem tónlistarkennslan hefur verið innleidd í starfið og hafa tekið miklum framförum hvað varðar áhuga og þátttöku.

Myndlistarkennsla hefur gengið vel og börnin skila af sér listaverkum reglulega, ýmist til að taka með sér heim eða til sýningar fyrir foreldra. Börnin njóta sín vel í listasmiðjunni og sækjast eftir því að taka þátt.

Hreyfing hefur heldur setið á hakanum sökum veikinda, en á Holti höfum við innleitt fasta samveru tileinkaða hreyfingu til að bæta upp fyrir það. Í þeirri samveru er farið í Yoga, dansað eða sungin hreyfilög. Ásamt þessu er útivera mikið nýtt til hreyfingar en gaman væri að fá sterkari kennslu fyrir börnin í þessu fagi.

Upplýsingatækni hefur einnig ekki verið mikið sinnt eða mjög sýnileg á Holti. Ástæðan fyrir því er efalaust mannekla en til að bæta upp fyrir það hefur föstum lið verið bætt inn í samveru skipulag deildarinnar þar sem upplýsingatækni og hlustun eru kenndar saman. Þennan lið mætti styrkja og kennsla í faginu mætti vera öflugri.

3.3 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023 frá Túni

Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgðar. *Viðmið um árangur voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börn og fullorðna í samskiptum.*

Þegar upp komu ágreiningsmál var reynt að fara eftir samskiptaleiðum þessarar

Uppbyggingarstefnu, að finna lausnir á aðstæðum með jákvæðum samskiptum, finna betri leiðir að vandamálinu og efla sjálfstraust barnanna. Vegna tungumála örðu leika var stundum erfitt að finna lausnir og því væri gott að einblína meira á börn sem tala og skilja litla íslensku, til dæmis með sérkennslu í minni hópum.

Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar. Viðmið fyrir sjálfsefningu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd. Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.

Sjálfsefning: Í vetur reyndum við að efla sjálfsmynd barnanna og gera þau sjálfstæðari. Leyfa þeim að prófa fyrst að gera eitthvað sem þau voru óviss með, til dæmis að klæða sig í og úr útifötum. Sýna þeim að þau geta gert hluti sjálf og þurfa ekki endilega aðstoð. Þessi þáttur gekk vel hjá ýmsum börnum en ekki öllum og því mætti leggja meiri áherslu á hann næsta vetur.

Félagsfærni: Þegar upp komu ágreiningsmál reyndum við að leyfa börnunum að kljást við þau sjálf en oft gekk það ekki nægilega vel og mætti huga betur að þessum þætti. Börnin koma frá mjög ólíkum bakgrunnum og oft á tíðum voru samskipti milli barna frekar neikvæð.

Vináttuverkefni Blær. Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

Það var ekki lögð mikil áhersla á Blæ en það mætti vera fastur tími í hverri viku sem færi í það verkefni á næstu önn.

Gæðamálörvun í daglegu starfi. Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.

Byrjuðum á Lubba 1-2x í viku sem gekk vel þar sem börnin náðu að tengja saman stafi við orð. Börnin lærðu lögin fljótt og gekk best þegar þau sáu barnakór syngja með lögunum. Misstu áhugann fljótt við of mikla endurtekningu og má hver Lubba stund ekki vera lengri en 5-10 mín hverju sinni. Börnin sem tala litla sem enga íslensku voru oft týnd og þarf að hlúa betur að þeim, til dæmis að gera sér málörvun fyrir þau í litlum hópum.

Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni. Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.

Börnin fengu góða kennslu og örvun í tónlist og myndlist í vetur. Fjölbreytt verkefni sem þeim fannst gaman að gera. Hreyfingin mætti vera betri og hlúa betur að því þema, börnin fengu mikla útiveru þar sem þau gátu hlaupið og leikið sér en þarf að einblína betur á ýmsa þætti eins og til dæmis kollhnís, jafnvægisæfingar, kasta og grípa. Kennsla og örvun í upplýsingatækni var ekki til staðar í vetur.

3.4 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023 frá Teig

Uppbyggingarstefnan uppeldi til ábyrgðar. *Viðmið um árangur voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börn og fullorðna í samskiptum.*

Við náðum því miður að vinna lítið eftir stefnunni, en þó var lagt upp úr því að vera með jákvæð samskipti á deildinni bæði á milli starfsfólks og við börnin.

Þróunarverkefni í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar. *Viðmið fyrir sjálfseflingu voru að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd. Viðmið vegna félagsfærni voru að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldi lausnarleit í samskiptum við hvort annað.*

Unnið var með sjálfseflingu og félagsfærni. Þegar kemur að sjálfseflingu lögðu við áherslu á að efla þau í daglegum athöfnum, eins og t.d. að klæða sig í útifötin sjálf og skammta sér sjálf mat. Einnig var unnið með að efla sjálfstraust barnanna og jákvæða sjálfsmynd, það var gert með jákvæðum samskiptum og hrósum.

Þegar unnið var með félagsfærni var lagt áherslu á jákvæð samskipti við börnin til að efla þau í samskiptum sín á milli. Það var gert með því að nota Vináttuverkefnið Blær en þar er lagt upp með því að börnin séu með jákvæð samskipti sín á milli og beri virðing við hvort annað. Starfsfólk deildarinnar var einnig vakandi fyrir því að aðstoða börnin ef þau áttu í erfiðleikum með samskipti við önnur börn, en það var gert með því að spyrja börnin opinnar spurningar eins og t.d. hvernig getum við leyst þetta vandamál ?

Vináttuverkefni Blær. *Viðmiða allir ungir og aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.*

Það hefur ekki gengið nægilega vel í vor að vinna markviss með Blæ. Við höfum reynt að hafa allavega Blæ stundir einu sinni í viku en það er því miður ekki alltaf gengið upp. Þegar við höfum náð að hafa Blæ stundir höfum við lagt áherslu á að tala um tilfinningar og hvernig við getum stjórnað tilfinningunum okkar. Vináttuverkefnið Blær er gott verkfæri til að kenna börnum að eiga í samskipti við önnur börn og því tel ég mikilvægt að við vinnum markvissara með það efni næsta haust á Teigi.

Gæðamálörvun í daglegu starfi. *Viðmið að börnin nái betri tókum á íslenskri tungu.*

Á Teigi er lagt áherslu á að starfsfólk eigi í ríkulegum samskiptum við öll börnin á hverjum degi, þar sem samskipti er mikilvægur partur af málörvun. Í samverustundum er lagt áhersla á að vera með fjölbreyttar samræður við börnin, þar sem lagt er áhersla á að börnin fái tækifæri til að tjá sig um áhugamál sín.



Það er einnig stór hluti af málörvun á Teigi er sjónrænt dagsskipulag, en það getur hjálpað sérstaklega þeim börnum sem eiga í erfiðleikum með íslenskuna. Við höfum ekki verið alveg jafn dugleg að setja upp sjónræna dagskipulagið eins og í byrjun vetur en ef við gleymum því er oftast einn starfsmaður með sjónrænt skipulag í hálsmenni.

Lestur og að hlusta á sögur er einnig stór partur af starfinu á Teigi. Það er hvíld einu sinni á dag þar sem lesið er bækur eða hlustað á sögur með börnunum. Samverustundirnar eru einnig nýttar til að lesa sögur og eru loð töflu sögur þá vinsælar, en þær nýtast mjög vel fyrir okkar fjölbreytta hóp þar sem börnin eru með mismikla kunnáttu í íslensku. Bókalestur er mjög góð málörvun fyrir börn og teljum við því mikilvægt lesa eins mikið og hægt er fyrir börnin og mættum við gera einn meira af því.

Núna í Maí höfuð við einnig náð að hafa markvissa málörvun fyrir þau börn sem þurfa auka aðstoð við að læra íslensku. Það er einn starfsmaður sem hefur séð um málörvunarstundirnar og tekur hún bæði börn í hóp málörvunarstundir og líka í einstaklingsstundir. Þetta hefur gengið mjög vel og erum við strax farin að sjá árangur af þessum málörvunarstundum.

Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni. *Viðmið um árangur að öll börn leikskólans fái kennslu og örvun tengdum ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.*

Það hefur gengið misvel að halda út þessum námsþáttum vegna manneklu. En þegar tími hefur gefist hafa verið unnin frábær verkefni í þessum námsþáttum. Alessandro hefur séð um tónlistarstundir, þar sem hann kynnir börnunum fyrir mismunandi hljóðfærum, fer með þau í tónlistarleiki og er með kórstarf.

Signý sér um myndlistina og hefur hún komið með mikið af fjölbreyttum verkefnum þar sem börnin fá tækifæri til að nota sköpunarkraft sinn. Í vor erum við búin að vera nýta góða veðrið og mála úti, bæði á blöð og á steina. En um þessar mundir eru börnin að vinna að því að gera andlist myndir, en þau gerðu einnig andlist myndir í haust og verður því gaman að sjá muninn á þeim myndum.

Hulda sér um upplýsingartækni. Það hefur því miður ekki náðst að vinna mikið með upplýsingartækni í vor, en við höfum þó reynt að nýta tækifærin sem gefast til að leyfa börnunum að prófa sig áfram í fjölbreyttum verkefnum í spjaldtölvum.

Það hefur lítið verið um skipulagða hreyfistundir þar sem starfsmaðurinn sem sá um þær er búin að vera í veikindaleyfi. Hins vegar höfum við farið í margar gönguferðir í vor, en við reynum að fara einu sinni í viku í gönguferðir.

3.5 Þættir til endurmats vegna starfsáætlunar 2022-2023

3.5.1 Myndlist

Endurmat - September 2021 til Desember 2021

Veturinn var ótrúlega lærdómsríkur og fjölbreyttur, jafnframt krefjandi og skemmtilegur. Það er gaman að sjá nú hvað mörg börn hafa tekið framförum og hafa tileinka sér ýmsar aðferðir í skapandi vinnu. Sömuleiðis hef ég lært margt nýtt hvað varðar framkvæmd og útfærslu verkefna. Ég lærði að það er lykilatriði að finna verkefni við hæfi því börn vilja fá að skapa að sjálfsdáðum. Einnig skiptir það höfuðmáli að upplifun barnanna sé góð (sérstaklega í upphafi) þegar þau koma í smiðjuna, þá þarf að vera búíð að undirbúa verkefnin og finna til aðföng, gera sem flest klárt og helst velja litla hópa svo að áhugi geti kviknað og þau finni hjá sér vilji til að taka þátt. Þetta getur oft verið krefjandi þar sem listasmiðjan er í opnu rými þar sem oft myndast mikill hávaði. Ró og næði er besta umhverfið til að skapa. Þá hef ég miðað við 2-4 hjá yngri börnunum og 4-6 hjá þeim eldri í skapandi hópastarfi. Ég fann fljótt út að það þarf að bjóða upp á fjölbreytt verkefni og fleiri en eitt hverju sinni til að halda þeim við efnið og vekja áhuga. Oft voru afföll vegna þess að þau trufluðust auðveldlega, eitthvað vakti áhuga sem heyrðist hinu megin við skil rúmin og/eða verkefnið vakti ekki nægan áhuga eða var of eða lítið krefjandi. Í upphafi ferlisins fannst mér eins og töluvert mörg börn á eldri deildum ættu enn eftir að læra ýmiskonar grunn tækni, þeim hafi ekki verið kennt að nota skæri og nota pensil t.d. og vissulega var það svo en ég lærði líka þegar á leið að styrkleiki sumra lá einfaldlega í öðrum verkefnum.

Á þessu misseri unnu börnin sjálfsmynd, mynd með blandaðri tækni, gerðu jólagjafir og jólapappír fyrir foreldra, grímur fyrir öskudag, og samhliða unnu þau í eigin skissu bók. Önnur verkefni sem ekki allar deildir unnu og sum þeirra enn í vinnslu eru t.a.m mála steina og munstra, prenta jólakort þ.e. einþrykks mynd, málað með sköfu, Halloween skraut og ljósaker, leðurlökur úr klósettrúllum sem breyttust í jólaköttinn, innsetning úr fundnu efni (hópverkefni), formfræði og snjó tilraun. Börnin lærðu að mála, teikna, lita, klippa, líma, prenta og skapa úr verðlausu efni. Ekki náðist að útfæra leir og endurvinnslu verkefni, bæta þarf úr því.

Það sem þarf að breyta og bæta er að það hefur vantað aðföng, það sem var keypt í upphafi hvarf undarlega fljótt, umgengni starfsmanna hefur ekki verið til fyrirmyndar, það er ekki gengið frá, alltof mikið af pappír, málningu og litum hefur horfið. Það er því spurning hvort sum aðföng þurfi að vera í læstum skáp, í það minnsta þarf að ræða umgengni á Háteig.



Upplýsingaflæði er oft ábótavant og of margir starfsmenn upplifðu að þeir væru að sinna afleysingum sökum manneklu á misserinu.

Endurmat - Janúar 2022 - Ágúst 2022

Þetta tímabil hefur auðvitað verið ákaflega sérstakt, í janúar byrjun fór covid um samfélagið og margir starfsmenn, fjölskyldur þeirra og börn á klömbum voru fjarverandi og í framhaldi af afléttingum komu upp langt og strembið flensu tímabil sem lagðist á bæði starfsfólk og börn. Þetta tímabil hefur sannarlega verið ólíkt öðrum og því miður ekki nægur tími farið í skapandi verkefnavinnu, þ.e.a.s. að framleiðni á deildum er kannski ekki nægilega mikil. En samt hefur okkur tekist að framkvæma alveg ótrúlega margt svona miðað við og það hefur verið mjög gaman hjá okkur. Börnin eru að öllu jafnan kát og glöð og viljug til að koma og skapa eitthvað nýtt, spennandi og stundum krefjandi.

Verkefnin sem voru unnin á misserinu voru: einhverjar deildir gerðu snjómyndir, næst unnu allar deildir grímur fyrir öskudaginn samhliða gerðum við töluverkefni og notuðum app, svo gerðu allar deildir páska myndir og skraut, máluðum steina, við unnum með samhverfu og ósamhverfu, einhverjir lærðum mismunandi prent aðferðir, aðrir föndruðu furðudýr úr pappa og máluðu úti. Lítill tími hefur gefist nú til að vinna í skissu bókunum sem er miður. Nú í blálökinn eru öll börn að vinna að sjálfsmynd og svo munum við enda á að gera stór sameiginleg málningarverk úti.

Það sem mætti breyta fyrir næsta tímabil er að komi verði á meira samtali milli mín og deildarstjóra. Þannig mætti auka framleiðni inn á deildum svo að ekki alltof mikið af mínum tíma fari í jóla og páskaföndur og því um líkt. Deildarnar ættu að sjá um þessi verkefni undir handleiðslu minni eða í samstarfi við mig. Aðeins hefur borið á því að smiðjan hefur verið upptekin þegar ég er í húsi án þess að talað sé við mig. Einnig þurfum við að setjast yfir og byrgja okkur upp að aðföngum bæði inn á deildum og í smiðju, eiga samtal um frágang og lausn á því, svo minna verði um að litir og önnur aðföng.

Rætt var um breytt skipulag bláa hópsins fyrir næsta tíma, að unnið verði eftir stundarskrá til að komast hjá því að við séum í afleysinga vinnu en talsvert hefur borið á því allt misserið vegna manneklu. Ég bind miklar vonir við breytt skipulag því það er ekki gott að starfsfólki lýði eins og störf þeirra séu ekki mikils metin það er óþægilegt að vita aldrei hvað sé að vænta næsta dags og að ná ekki að klára vinnuna sem hafin er. Ég tel einnig þörf á því að börnin á eldri deildum fái meiri tíma í myndlist en þau yngri.



3.5.2 Tónlist

Virgni í verkefnavinnu

Ákveðnir þættir settu mikinn svip á tónlistarkennsluna í vetur og þar má helst nefna tvo sem standa helst upp úr, þ.e. ekki nægt skipulag og skortur á plássi. Ef horft er til skipulags þá myndaðist ákveðið ástand í vetur þar sem deildar voru lokaðar. Það var ákveðinn óvissa í því að mæta í vinnuna og vita í raun aldrei með hvaða hóp verið var að fara að vinna með þar sem forgangurinn var sá að halda skólanum opnum. Lagt er upp með það næsta skólaár að festa niður dagskrá svo hægt sé að skipuleggja betur og fá betri samfellu í verkefnavinnuna. Hinn þátturinn sem spilaði inn var skortur á rími til að vera með tónlistarkennslu. Oft reyndist erfitt að halda athygli barnanna við kennsluna þar sem rímið sem var verið að nota var oft á tíðum óheppilegt, rími leikskólans eru opin og því eiga börnin auðvelt með að verða við truflun. Reynt var þó að haga tónlistarkennslunni á sem fjölbreyttastan hátt með því að vera með kennslu úti og að með því að nýta rími inn af deildum.

Virgni og verkleg færni

Það kom skemmtilega á óvart að sjá hve auðvelt börn á aldrinum 4-6 ára eiga með það að læra ýmsa þætti tengda tónlist og tónfræði. Það sem hefur verið unnið með á þessu skólaári eru hlustunaræfingar, tónfræði, söngur, Yoga, greining á tónhraða o.fl. í kennslunni hefur verið notast við beina kennslu, leiki og sköpun.

Að stofna leikskólakór hefur verið snúið verkefni. Fluttir voru lög á þremur tónleikum, í nóvember á degi íslenskrar tungu, jólatónleikar og svo tónleikar fyrir foreldra Túns á vormánuðum. Margt hefur lærst í gegnum það ferli. Eins og hve mikilvægt er að vinna með áhugasvið barna, gera þarf ráð fyrir ýmsum utanaðkomandi breytum í tengslum við tónleika auk þess hve mikilvægt er að börn með íslensku sem annað mál fái betri þjálfun þegar kemur að textum á íslensku.

Unnið með tónlist úti

Mikilvægt er að nýta gott veður þegar það gefst. Það sem hægt var að gera úti var t.d. að spila á trommur en notaðar voru dósir og dollur til að mynda margvísleg hljóð. Stólaleikur var leikinn þar sem notuð var tónlist og fækkað um stóla samhliða. Það sem kom út úr þeirri vinnu var að börnin virtust njóta þess að geta fært tónlistarstundirnar út.

Tónfræði fyrir leikskóla

Vel gekk að kenna leikskólabörnum tónfræði og merkilegt að sjá hve sum börn eiga auðvelt með að tileinka sér ákveðna þætti. Hægt væri að taka þessa kennslu lengra og vera með æfinga bækur í tónfræði fyrir þau börn sem eru áhugasöm og tengja við námsefnið.

Kynning á helstu hljóðfærum og hlustunaræfingar

Hlustunaræfingar eru stór partur af tónlistarþjálfun. Í vetur hefur t.d. verið unnið með Karnival dýranna, þar hafa börnin verið að æfa sig í að greina hvaða tónlistabrot fylgir hverju dýri auk þess sem spjallað hefur verið um hvaða tilfinningar eru keyrðar áfram í gegnum tónlistina. Haldin hafa verið dans partí í vetur með mismunandi þemum, frá írskri þjóðlaga tónlist út í ninteis þema, markmiði með því er að geta greint og flokkað tónlist út frá mismunandi tónlistarstílum. Það brýtur upp daginn þegar planað er dans partí og börnunum finnst uppbrotið skemmtilegt.

3.5.3 Upplýsingatækni

Það er margt sem hægt er að gera varðandi tölvutækni í leikskólastarfi. Þetta er gott tæki til þess grípa athygli barnanna og láta þau læra hluti í gegnum stafræna miðla.

Það er til mörg góð smáforrit en það þarf oft að prófa sig áfram í þeim hvort þau henta börnum á leikskólaaldri. Íslensk smáforrit eru af skorum skammti og nýbreytni í þeim flokki er ekki mikil.

Það er til mikill hafsjór til af mjög sniðugum smáforritum á ensku. Íslensk smáforrit eru oftast gerð til þess að kenna börnum stafi og tölustafi. En ensk smáforrit fara yfir svo miklu víðara svið í kennslu. Þar er verið að kenna form, tilfinningar, forritun og rökhugsun.

Kennarinn í upplýsingatækni tekið það til þess ráðs að slökkva á hljóðinu þegar það er enskt tal og leiðbeint börnunum á Klömbrum í gegnum smáforritin á íslensku. Það hefur gefið góða raun. En það virkar ekki alltaf með alla leiki t.d. það eru mjög sniðugir leikir frá BabyBus. Þar er mikið talað á ensku og erfitt fyrir kennara að leiðbeina börnum fram hjá talinu. Þar geta börn lært t.d. nöfnin á öllum risaeðlunum á latínu og eru eiginlega mjög fljót að læra nöfnin því að þetta er mjög grípandi leikur. Það vekur upp líka þá spurningu hvað eigum við að fara langt að kynna þeim fyrir smáforritum á ensku? Ef við sleppum þessum enskumælandi smáforritum þá er búið að takmarka efniviðinn mjög mikið.

Reykjavíkurborg sett á fundi eftir áramót sem heita Lærdómssamfélag um upplýsingatækni í leikskólastarfi. Það voru fjórir fundir en starfsmaður á Klömbrum tókst eingöngu að fara á tvo vegna manneklu, en fékk fundagerðina eftir það. Meðlimir í Lærdómssamfélaginu fengu að kíkja að Mixtúru til þess að skoða fjölbreytt náms og kennslugögn. Það var mjög lærdómsríkt að skoða hvað er hægt að fá lánað til þess að nota í kennslustund.

Í lærdómssamfélaginu voru kynnt forritin Puppet Pals og Chatter Pix. Þetta eru alveg ágæt smáforrit í sjálfum sér en ákveðin spurning vaknaði starfsmanni eftir þessa fundi. Hvernig forrit viljum sýna börnum? Á að sýna börnum skemmtiforrit eða lærdómsforrit?

Lærdómssamfélagið er góð hugmynd en það verður að vera hnitmiðað og fjölbreyttara. Það er fullt fólki að gera flott og skemmtilega hluti í leikskólum borgarinnar. Það væri gott nýta þessa fundi betur til þess að miðla þekkingu sinni á milli leikskóla. Fundirnir voru rafrænir og það hafði kannski eitthvað segja að miðlum upplýsinga var ekki betri.

Fjöldi takmarkanir, kórónuveira og flensutímabil settu svo sannarlega strik í reikning að kennslan var ekki eins og hún átti að vera. Starfsmaður upplýsingatækni var oft notaður í afleysingar vegna manneklu. Undirbúningstímarnir voru fátíðir. Það hafði það í för með sér að það var erfitt að skipuleggja kennslu í upplýsingatækni.

Mesta reynslan upplýsingatækni hefur verið á Teigi. Börnin þar eru fljót að ná tökum á tækninni vegna aldurs.

Á fundi í maí 2022 var lagt það ráð að gera breytingar á skipulagi hópsins. Við vonum tilkomu stundaskrár að það kom upp skilvirkari kennsla. Við krossum fingur og tær að það verður loksins hefðbundið leikskólastarf.

4 Innra mat sérkennslu

Í lok skálaársins 2021-2022 voru 7 börn með úthlutaða sérkennslutíma, samtals eru þetta 32 tímar. Sérkennslan fór fram á mismunandi hátt, allt eftir þeim tilfellum sem áttu í hlut. Sum barnanna höfðu þörf á að hafa fylgd yfir daginn meðan önnur fengu aðstoð eftir því sem þörf var á. Aðeins var starfandi sérkennslustjóri á Klömbrum frá janúar fram í lok febrúar. Á þeim tíma sem enginn sérkennslustjóri var við störf var eftirlit með sérkennslumálum og fundarseta í höndum aðstoðarleikskólastjóra. Öll börn voru skimuð með TRAS, 5 ára börn voru hljómprófuð auk þess sem gerðar voru einstaklingsnámskrár fyrir öll börn leikskólans. Fjárfest var í efnivið og lögð vinna í að útbúa sjónrænt dagskipulag á allar deildar. Starfsmenn fengu einnig myndir til að hafa um hálsin til að auðvelda samskipti við börn sem ekki hafa náð góðum tökum á íslensku.

Þess má geta að ráðin hefur verið sérkennslustjóri á leikskólann Klambra og kemur hún til með að vinna í 100% stöðu.

4.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

Það sem liggur helst fyrir er að ná betur utan um þann margbreytilega hóp barna sem sækir skólann. Þær aðgerðir sem hefur verið farið í er að ráða verkefnastjóra fjölmennningar sem kemur til með að geta skipulagt málörvunarstundir og leiðbeint starfsfólki. Einnig mun verða kynning haustið 2022 á hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Þessir hæfniráttir gefa deildastjórum betri sýn yfir stöðu barna í leikskólanum sem eru fjöltyngd. Breytingar verða á húsnæði skólans þar sem bókasafnið verður fært til að útbúa annað herbergi til að vera með kennslu í litlum hópum. Sérkennsluherbergið hefur fengið nefnið Stofan en mun nýja herbergið ganga undir nafninu Skotið.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Fjöltyngd börn skólaárið 2021-2022

Hlíð

Börnin sem voru á Hlíð þetta skólaár eru öll fædd 2020. Það voru að meðaltali um 15 börn á Hlíð yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 5 börn með íslensku sem annað tungumál. Þau tungumál sem voru töluð á Hlíð voru pólska, enska og arabíska.

Holt

Börnin sem voru á Holti þetta skólaár eru fædd 2018, 2019 og 2020. Það voru að meðaltali um 15 börn á Holti yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 9 börn með íslensku sem annað mál. Þau tungumál sem voru töluð á Holti voru spænska, arabíska, danska og enska.

Túni

Börnin sem voru á Túni þetta skólaár eru fædd 2018, 2019 og 2020. Það voru að meðaltali um 16 börn á Holti yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 4 börn með íslensku sem annað mál. Þau tungumál sem voru töluð á Túni voru rúmenska, arabíska og litáíska.

Teigur

Börnin sem voru á Teig þetta skólaárið eru fædd 2016 og 2017. Það voru að meðaltali um 22 börn á Teig yfir veturinn. Í lok skólaársins voru 13 börn með íslensku sem annað mál. Þau tungumál sem voru töluð á Teig voru Lettneska, spænska, danska, arabíska, gríska, taílenska, tékkneska og pólska.

Samtals eru þetta 31 barn af 68 börnum eða um 45 %.

5.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Leikskólinn Klambrar fékk úthlutað 2.462.400 vegna barna af erlendum uppruna, þetta fjámagmagn var nýtt til að manna stöðu verkefnastjóra fjölmennningar að hluta til. Á hverri deild hangir upp spjald frá miðju máls og læsis til að mynna starfsfólk á þær leiðir sem teljast vænlegast til að efla máltöku barna í íslensku. Í leikskólanum er verið að vinna með Gefðu 10, mikið er lesið, notaðar eru loð töflu sögur, starfsfólkið er duglegt að koma orði á hluti auk þess sem börn eru hvött til að nota íslensku. Teknir verða upp hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn haustið 2022. Verið er að huga að öllum þáttum máltöku eins og orðaforða og málskilnings; tjáningu og frásögu; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmáli; félagslegt tungumáli, tilfinningum, áhuga, styrkleika og löngunum. Þessi vinna fer fram í daglegum verkefnum

dagsins eins og í samveru, útiveru, í gegnum leikinn, í tónlistinni, myndlistinni og í gegnum samtalið.

5.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

Eins og fram hefur komið hefur verið ráðinn verkefnastjóri fjölmennningar. Verkefnastjóri fjölmennningar mun eiga aðsetur á einni deild en vinna í samvinnu við deildastjóra og sérkennslustjóra við að miðla þekkingu og samræma aðgerðir. Miðast veður við að öll fjöltyngd börn muni fá málörvunarstund í hverri viku þar sem lögð verður áhersla á innlögn í íslensku.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Varðandi fræðslu þá hefur verið lögð áhersla á stefnumótandi plögg eins og aðalnámskrá. Tekinn var mikil umræða um námsumhverfi barna í leikskólanum auk þess sem deildastjórar notuðu matslista til að meta hvernig deildarnar væru að standa sig þegar kemur að námsumhverfi barna og námstækifærum.

Varðandi starfsþróun þá hefur verið lögð áhersla á uppbyggingarstefnuna uppeldi til ábyrgðar. Leitað hefur verið til nærliggjandi leikskóla varðandi starfsþróun auk þess sem leitað hefur verið aðstoðar til SFS.

Sigrún Sigurðardóttir fyrrum leikskólastjóri og ráðgjafi hjá SFS kom til að sinna störfum ráðgjafar fyrir stjórnendur og deildastjóra í byrjun árs 2022. Sigrún var fenginn til að aðstoða stjórnendur varðandi starfsþróun.

6.1 Starfsdagar og fræðsla skólaársins 2021-2022

20. ágúst 2021, starfsdagur. Starfsmannafundur og teymisfundir. Tekin var fyrir umfjöllun um þarfahringinn í tengslum við uppeldi til ábyrgðar.

2. september kom sérkennarateymi Nóaborgar í heimsókn með fræðslu fyrir deildastjóra og stjórnendur.

20. september fundur með stjórnendum um loftgæðamál í leikskólanum.

22. september, starfsmannafundur. Deildarfundir.

13. október, starfsmannafundur. Fyrirlestur um námsumhverfi barna.

22. október. Starfsdagur. Fyrirlestur um aðalnámskrá. Deildarfundir og teymisfundir.

2. desember. Heimsókn stjórnenda í leikskólann Stakkaborg.

7. febrúar. Starfsdagur. Áframhaldandi vinna í sambandi við námsumhverfi barna. Fyrirlestur um uppeldi til ábyrgðar.

22. febrúar. Starfsmannafundur. Deildarfundir og teymisfundir.

4. mars. Starfsdagur. Fyrirlestur frá miðju máls og læsis. Deildarfundir og teymisfundir.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

7.1 Samstarf Grunnskóla og leikskóla

Núna á vormánuðum fór af stað samstarf leik og grunnskóla á svæðinu aftur eftir að hafa verið lítið sem ekkert síðastliðin tvö ár. Áður en COVID kom var mjög gott samstarf á milli þriggja leikskóla í hverfinu og Háteigsskóla. Þá fóru allir leikskólar í heimsókn á hina leikskólana ásamt því að fara í heimsókn í Háteigsskóla. Börnin úr Háteigsskóla fóru einnig í heimsókn í alla leikskólana. Nú í vor var ekki hægt að hafa jafn margar heimsóknir og hafði verið gert en reynt var að nýta tímann sem eftir var að skólaárinu sem best.

Samstarfið fór þannig fram að 1.bekkur í Háteigsskóli kom tvisvar í heimsókn til okkar á Teig og við fórum einu sinni í heimsókn í Háteigsskóla. Markmiðið með samstarfinu á milli leik og grunnskólans er að kynna leikskólabörnunum fyrir skólaumhverfinu og þar í leiðinni að byggja upp betra samstarf á milli leik og grunnskóla í hverfinu.

8 Foreldrasamvinna

Starfsemi foreldraráðs og foreldrafélags Klambra hefur setið niðri að mestu skólaárið 2021-2022. En í foreldraráði eru Helga M Marzellíusardóttir helgamarz@gmail.com, Brynja Siggeirsdóttir og brynjasiggeirs@hotmail.com.

Í foreldrafélaginu eru Heimir Hannesson heimir.hannesson@gmail.com, Anna Sigurjónsdóttir annasjona@gmail.com, Eyvindur Elí Albertsson eyvindureli@gmail.com, Halla Kolbeinsdóttir hallakolbeins@gmail.com.

Haustið 2021 voru haldnir foreldrafundir fyrir allar deildar þrátt fyrir Covid-19, foreldrar voru boðnir velkomnir inn í leikskólans auk þess sem starfsemi leikskólans var kynnt fyrir foreldrum, þetta voru stuttir fundir en mæting var dræm. Stefnan er sett á að hafa sambærilega fundi haustið 2022.

Veturinn 2021-2022 einkenndist af samkomutakmörkunum og því var lítið um foreldrasamstarf. Reynt var að kalla á rafrænan fund foreldrafélags og foreldraráðs en féll hann um sig vegna dræmrar þátttöku.

Frábær mæting foreldra var á afmæli leikskólans í maí enda búið að aflétta öllu takmörkunum. Boðið var upp á veitingar ásamt því að leikskólinn leigði hoppukastala.

Haldin var sumarhátíð í júní og var ágætis mæting á hátíðina, leigðir voru hestar auk þess sem settar voru upp litlar stöðvar víðsvegar um garðinn til að gera daginn skemmtilegri. Leikskólinn keypti veitingar og var boðið upp á ávexti og kleinur.

Útskrift elstu barnanna var um miðja júní og var foreldrum elstu barnanna boðið í útskrift. Haldin var lítil athöfn þar sem börn fengu afhent skýrteini og rós. Undir lokinn var svo boðið í pálínuboð sem vakti lukku meðal barna og foreldra.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Nafn skóla: Leikskólinn Klambur

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Samband íslenskra
svættarfélaganna

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1. M	Frídagur verzlunarmána	1. F		1. L		1. Þ		1. F	Fríðagsdagurinn	1. S	Nesdagur	1. M		1. M		1. L		1. M	Verðisgildisdagurinn	1. F		1. L	
2. Þ		2. F		2. S		2. M		2. Þ		2. M	Sunnudagur	2. F		2. F		2. S	Reisunumdagur	2. Þ	2. F	Sunnudagur	2. F	2. S	
3. M		3. L		3. M		3. F		3. L		3. Þ		3. F		3. F		3. M		3. M		3. L		3. M	
4. F		4. S		4. Þ		4. F		4. S		4. M		4. L		4. L		4. Þ		4. F		4. S	Þignunumdagurinn	4. Þ	
5. F		5. M		5. L		5. M		5. M		5. F		5. S		5. S		5. M		5. F		5. M		5. M	
6. L		6. Þ		6. F		6. S		6. Þ		6. F	Þessleikinn	6. M	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	6. M		6. F	Þessleikinn	6. L		6. Þ		6. F	
7. S		7. M		7. F		7. M		7. M		7. L		7. L	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	7. Þ		7. F	Þessleikinn, tungu	7. S		7. M		7. F	
8. M		8. Þ	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	8. L		8. Þ	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	8. F		8. S		8. M		8. M		8. L		8. M		8. F		8. L	
9. Þ		9. F		9. S		9. M		9. F		9. M		9. F		9. F		9. S	Þessleikinn	9. Þ		9. F	Þessleikinn	9. S	
10. M		10. L		10. M		10. F		10. L		10. Þ		10. F		10. F		10. M	Annar íslenskur	10. M		10. L		10. M	
11. F		11. S		11. Þ		11. F		11. S		11. M		11. L	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	11. L		11. Þ		11. F		11. S		11. Þ	
12. F		12. M		12. M		12. L		12. M		12. F		12. S		12. S		12. M		12. F		12. M		12. M	
13. L		13. Þ		13. F		13. S		13. Þ		13. F		13. M		13. F		13. L		13. L		13. Þ		13. F	
14. S		14. M		14. F		14. M		14. M		14. L		14. Þ		14. Þ	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	14. F		14. S		14. M		14. F	
15. M		15. F		15. L		15. Þ		15. F		15. S		15. M		15. M		15. L		15. M		15. F		15. L	
16. Þ		16. F	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	16. S		16. M	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	16. F	Bláskinnu, Þessleikinn	16. M		16. F		16. F		16. S		16. F	Bláskinnu, Þessleikinn	16. F		16. S	
17. M		17. L		17. M		17. F		17. L		17. Þ		17. F		17. F		17. M		17. M		17. L	Þessleikinn	17. M	
18. F		18. S		18. Þ		18. F		18. S		18. M		18. L		18. L		18. Þ		18. F	Þessleikinn	18. S		18. Þ	
19. F		19. M		19. L		19. M		19. M		19. F		19. S		19. S		19. M		19. F	Þessleikinn	19. M		19. M	
20. L		20. Þ		20. F		20. S	Dagur bláskinnu, Þessleikinn	20. Þ		20. F	Þessleikinn	20. M		20. M		20. F	Þessleikinn, tungu	20. L		20. Þ		20. F	
21. S		21. M		21. F		21. M		21. M		21. L		21. Þ		21. Þ		21. F		21. S		21. M		21. F	
22. M	Þessleikinn, tungu	22. F	Þessleikinn, tungu	22. S		22. Þ		22. F		22. S		22. M		22. M		22. L		22. M	Þessleikinn, tungu	22. F		22. L	
23. Þ	Þessleikinn, tungu	23. F		23. S		23. M		23. F		23. M		23. F		23. F		23. S		23. F		23. F		23. S	
24. M	Þessleikinn, tungu	24. L		24. M		24. F		24. L	Þessleikinn, tungu	24. Þ		24. F		24. F		24. M		24. M		24. L		24. M	
25. F	Þessleikinn, tungu	25. S		25. Þ		25. F	Þessleikinn, tungu	25. S		25. M		25. L		25. L		25. Þ		25. F		25. S		25. Þ	
26. F		26. M		26. L		26. M		26. M		26. F		26. S		26. S		26. M		26. M		26. F		26. M	
27. L		27. Þ		27. F		27. S		27. Þ		27. F		27. M		27. M		27. L		27. L		27. Þ		27. F	
28. S		28. M		28. F		28. M		28. M		28. L		28. Þ		28. Þ		28. F		28. S	Þessleikinn, tungu	28. M		28. F	
29. M	Þessleikinn, tungu	29. F		29. L		29. M		29. F		29. S		29. M		29. M		29. L		29. M	Annar íslenskur	29. F		29. L	
30. Þ		30. F		30. S		30. M		30. F		30. M		30. L		30. F		30. S		30. F		30. F		30. S	
31. M				31. M				31. L	Gulldagurinn	31. Þ				31. F				31. M				31. M	

Þessleikinn, tungu

Lokun

10 Fylgigögn A

10.1 Starfsáætlanir Deilda

10.1.1 Hlíð

Ágúst 2022

Í ágúst þá er aðlögun og börnin eru að læra að vera á leikskóla. Læra á umhverfi sitt.

Hreyfing: Unnið með hreyfingu úti og inni.

Myndlist: Unnið með myndlist úti, opinn efniviður. Sjálfsmýndir.

Tónlist: Unnið með tónlist úti og inn. Klappa atkvæði.

Upplýsingatækni: Unnið með að kynna börnunum tækjakost leikskólans.

September 2022

Þema: litir

16. september: Dagur íslenskrar náttúru, því er viðeigandi að leggja áherslu á umhverfið.

Hreyfing: Unnið með hreyfingu úti og inni. Skipulagðar gönguferðir og kerruferðir.

Myndlist: Unnið með haustið.

Tónlist: Unnið með haustið og tónlist tengda haustinu. Klappa atkvæði.

Upplýsingatækni: Myndir af haustinu, öpp með litum og dýrum.

Október 2022

Þema: form

29. október er Hrekkjavaka í leikskólanum, vinna í október miðast m.a. við að undirbúa hrekkjavöku viðburð sem haldin er í leikskólanum.

Hreyfing: Unnið með hreyfingu úti og inni. Skipulagðar gönguferðir og kerruferðir.

Myndlist: Kynning á mismunandi efnivið, pappír, litum og efni.

Tónlist: Kynning á helstu hljóðfærum. Klappa atkvæði.

Upplýsingatækni: unnið áfram með öpp sem henta þessum aldri.

Nóvember 2022

Þema: Dýr

16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu, á þeim degi er foreldrakaffi. Vinna miðast við að undirbúa tónleika barna (eldri börn) auk þess að vera með smá sýningu á verkum sem unnin hafa verið á haustinu auk leirverka sem eru í vinnslu í nóvember. Byrja á jólagjöfum 17. nóvember.

Hreyfing: Unnið með Yoga.

Myndlist: Unnið með leir

Tónlist: Jólalög, klappa atkvæði.

Upplýsingatækni: Ljós og skuggar

Desember 2022

Þema: Jólin, jólasveinar, snjókarlar og fl.

16. desember er jólaskemmtun. Vinna í desember miðast við það að undirbúa jólaskemmtun, söngur, dans, bakstur og hönnun jólagjafa.

Hreyfing: Fínhyreyfingar

Myndlist: Jólin

Tónlist: Jólin

Upplýsingatækni: Jólin

Janúar 2023

Þema: Hljóð

21. janúar er Bóndadagur, ömmu og afa kaffi er á þeim degi. Vinna í mánuðinum miðast við að vinna með Þorrann.

Hreyfing: Útivera og íþróttastundir inni. Yoga. Fínhyreyfingar ; perla, spila, púsla.

Myndlist: Vinna með snjó.

Tónlist: Vetrarlög.

Upplýsingatækni: Unnið með forritun.

Febrúar 2022

Þema: Tölur

4. Febrúar er dagur stærðfræðinnar, 6. febrúar er dagur leikskólans, 20. febrúar er konudagur, 28. febrúar er bolludagur.

Í febrúar er verið að vinna séstaklega með tölur. 18. febrúar er konudagskaffi. Undirbúningur fyrir öskudag hefst um miðjan febrúar

Hreyfing: Vinna með tölur.

Myndlist: Vinna með tölur.

Tónlist: Vinna með tölur og takta.

Upplýsingatækni: Vinna með tölur og form.

Mars 2023

Þema: Lubbi

Mars hefst með dymbilviku og miðast vinna við að gróðursetja og undirbúa sumarið. Lögð er áhersla á vorið.

Hreyfing: útivera, gönguferðir og kerruferðir, Yoga, kasta bolta,

Myndlist: Endurvinnsla á pappír.

Tónlist: Hlustunaræfingar.

Upplýsingatækni: Börn taka myndir.

Apríl 2023

Þema: Lubbi

Páskar hefjast 14. apríl og Sumardagurinn fyrsti er 21. apríl. Vinna miðast við að auka útiveru og almenn vorverk í garðinum. Börnin eru þátttakendur í vorverkum innan og utan húss.

Hreyfing: Lögð er áhersla á útiveru

Myndlist: Myndlistin er tekin út í garð.

Tónlist: Spilað úti. Unnið með lög tengd vorinu.

Upplýsingatækni: Myndlistasýning barnanna.

Maí 2023

Þema: Blær og vinátta

Enn meiri áhersla er lögð á útiveru.

Hreyfing: Útivera, gönguferðir.

Myndlist: Unnið með náttúruna. Sjálfsmyndir.

Tónlist: Söngur og gerð hljóðfæra úr náttúrulegum efnivið.

Upplýsingatækni: Ratleikir og myndataka úti.

Júní 2023

Þema: Fjölskyldan mín

Útskrif elstu barnanna. Vinna innan skólans miðast við að loka skólaárinu og undirbúa útskrift og sumarhátíð.

Hreyfing: Útivist.

Myndlist: Sameiginlegt verk barna á Klömbrum.

Tónlist: Sumarlög

Upplýsingatækni: Unnið með

10.1.2 Holt

Ágúst

Hópefli, börnin gera hópverkefni og kynnast

September

Haust, safna t.d. Laufum, haustþema verkefni, kynnumst veðri og klæðnaði

Október

Hrekkja vaka, tilheyrandi verkefni og skreytingar



Nóvember

Vetur, vinna t.d. með snjó, vetrarþema verkefni, kynnumst veðri og klæðnaði

Desember

Jólin, gera jólagjafir

Janúar

Ljós og skuggar, t.d. Út með vasaljós, teikna í myrkri, skjávarpi og ljósaborð

Febrúar

Valentínus/ væntumþykja, tilheyrandi verkefni og skreytingar

Mars

Páskar, páskaskraut til að taka með heim

Apríl

Vor, t.d. Að rækta plöntu á deildinni, vorþema verkefni, kynnumst veðri og klæðnaði

Mái

Útivera og ferðir, útileikir og hreyfileikir, vettvangsferðir

Júní

Sumar, sumarþema verkefni, kynnumst veðri og klæðnaði

10.1.3 Tún

Ágúst 2022

Áhersla á útiveru. Hópastarf úti, til dæmis gönguferðir og útileikir. Hrista barnahópin saman.

Vinna með fjölbreytileika og fjölmenningu, til dæmis föndra og hengja upp fána frá mismunandi löndum og kynnast ólíkum tungumálum.

Þema mánaðarins: Fjölmennung og fjölbreytileiki

September 2022

16. september: Dagur íslenskrar náttúru, því er viðeigandi að leggja áherslu á umhverfið.

Börnin tína rusl og flokka og fara í gönguferð í grenndargám. Ræða um endurvinnslu, plastnotkun og tengja umræðu um matarsóun við matsalinn. Moltugerð.

Þema mánaðarins: Umhverfið.

Október 2022

Áhersla lögð á haustið og að börnin upplifi breytingar á umhverfinu sem fylgja haustinu, til dæmis breytingar á gróðrinu og veðrinu.



29. október er Hrekkjavaka í leikskólanum, vinna í lok október miðast m.a. við að undirbúa Hrekkjavökuviðburð sem haldinn er í leikskólanum.

Þema mánaðarins: Haustið (Hrekkjavaka í lok mánaðar)

Nóvember 2022

16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu.

Ræða um geiminn, plánetur og stjörnur. Fara í vísindaleiki. Föndra plánetur úr pappamassa.

Þema mánaðarins: Geimurinn

Desember 2022

Vinna í desember miðast við það að undirbúa jólasemmtun, söngur, dans, bakstur og hönnun jólagjafa.

Þema mánaðarins: Jólin

Janúar 2023

Fyrri hluta janúar er unnið með ljós og skugga. Nota ljósaborð og myndvarpa í starfinu. Vasaljósadagur.

21. janúar er Bóndadagur, ömmu og afa kaffi er á þeim degi. Vinna í seinni hluta mánaðarins miðast við að vinna með Þorrann. Stelpurnar í leikskólanum föndra blóm fyrir strákana á leikskólanum á bóndadaginn (og öfugt á Konudaginn)

Þema mánaðarins: Ljós og skuggar / Þorrinn

Febrúar 2023

4. Febrúar er dagur stærðfræðinnar, 6. febrúar er dagur leikskólans, 19. febrúar er Konudagur, 20. febrúar er bolludagur, 21. sprengidagur, 22. öskudagur. 17. febrúar er Konudagskaffi.

Undirbúningur fyrir öskudag hefst um miðjan febrúar.

Í febrúar er verið að vinna sérstaklega með tölur og form.

Þema mánaðarins: Tölur og form

Mars 2023

Börnin kynnast mismunandi dýrum. Ferð í Húsdýragarðinn.

Þema mánaðarins: Dýr



Apríl 2023

Lögð er áhersla á vorið. Starfið miðast við að gróðursetja og undirbúa sumarið. Vinna miðast við að auka útiveru og almenn vorverk í garðinum. Börnin eru þátttakendur í vorverkum innan og utan húss.

Þema mánaðarins: Vorið / Páskar

Maí 2023

Áhersla er lögð á útiveru og vettvangsferðir. Unnið með verkefni tengd breytingu á umhverfinu, til dæmis blóm og gróður. Ferð í Grasagarðinn.

Þema mánaðarins: Blóm og gróður.

Júní 2023

Enn meiri áhersla lögð á útiveru, vettvangsferðir og útileiki.

Þema mánaðarins: Sumar

10.1.4 Teigur

Ágúst – September :

Umhverfið okkar – Náttúran Í Ágúst og September verður lagt áherslu á að kynna börnunum fyrir nærumhverfinu okkar og náttúrinni.

September – Október:

Líkaminn okkar

Í September og október ætlum við að leggja áherslu á að kenna börnunum um líkamann.

Nóvember

Stafrófið – Bókstafirnir okkar

Í Nóvember bókstafirnir kynntir fyrir börnunum með fjölbreyttum leiðum. Meðal annars verður farið verður yfir rím, hvernig eigi að klappa atkvæði og samsett orð

Desember

Rólegheit – Sköpun

Í desember ætlum við að leggja áherslu að börnin fái að nýta sköpunarkrafta sína í fjölbreytt verkefni ásamt því að lögð verður áherslu á að hafa rólegt í desember.

Janúar

Bækur



Í Janúar verður lagt áherslu á að kynna börnunum fyrir fjölbreyttum bókum. Þá gefst einnig tækifæri til að rifja upp bókstafina og halda áfram að kynna bókstafina fyrir börnunum. Farið verður í vettvangs ferðir á bókasafnið og fengið fjölbreytta fræðslu um bækur.

Febrúar

Stærðfræði

Í febrúar verður lagt áherslu á að kynna fyrir börnunum Stærðfræði meðal annars form, tölustafi og önnur starfræði hugtök.

Mars – Apríl

Fjölskyldan okkar

Í Mars og apríl verður lagt áherslu á kynna börnunum fyrir fjölbreyttum fjölskyldumynstrum. Börnin munu fá tækifæri til að kynna sínar fjölskyldur fyrir hinum börnunum.

Maí

Vettvangsferðir

Í Maí ætlum við að leggja áherslu að fara í fjölbreyttar vettvangsferðir í Reykjavík.

10.1.5 Myndlist

Áherslur 1-4 ára:

Sjálfsmynd með skráningu

Læra að halda á blýhanti og pensli

Kynnast skærum og klippa frjálst og líma

Kynnast leir

Kynnast prenti

Formfræði, hringur, kassi, þríhyrningur

Notum náttúrulegan efnivið í myndsköpun sem börnin safna sjálf

Mála með óhefðbundnum og fjölbreyttum verkfærum

Skapa og handfjatla með verðlausan efnivið

Áherslur 4-6 ára:

Sjálfsmynd með skráningu

Klippa frjálst og líma

Þjálfa fínhyrningar s.s. að klippa eftir línu og lita afmarkaðan flöt



Blöndun lita með grunnlitunum gulur, blár og rauður
Notum náttúrulegan efnivið í myndsköpun sem börnin safna sjálf
Endurvinnna pappír og gera verk úr
Mála með óhefðbundnum og fjölbreyttum verkfærum
Skapa og handfjatla með verðlausan efnivið
Kynnumst prenttækni frekar
Sameiginlegt Ready-made verkefni byggt á hugmyndaflugi barnanna
Fara á myndlistasýningu og vinna verkefni út frá því
Reggio blóma verkefni
Halda Skissu bók

Ágúst – Unnið með myndlist úti, safna náttúrulegum efnivið. Skissubækur kynntar.

September –Dagur íslenskrar náttúru. Unnið með haustið, náttúruna, mála grein. Byrjað á sjálfsmyndum.

Október –Hrekkjavaka og kynning á mismunandi efnivið, pappír, litum, efnum og verkfæri. Sjálfsmyndir kláraðar. Sameiginlegt readymade pappaverk. Yngri börnin gera klippimyndir.

Nóvember – Dagur íslenskrar tungu og foreldrakaffi (verkin sýnd sem börnin hafa unnið á misserinu). Stafrófið og bókstafurinn okkar. Leir verkefni?

Desember – Jólaskemmtun. Jólagjafir. Prenttækni kynnt, prenta jólakort og jólapappír.

Janúar –Bóndadagur, ömmu og afa kaffi. Blöndun lita með grunnlitunum gulur, blár og rauður. Þorrinn ?

Febrúar –Dagur stærðfræðinnar, ... dagur leikskólans, ... konudagurinn. ... bolludagur. Konudagskaffi. Tölur og undirbúa öskudag, öll börn gera grímu eða “sauma” búning.

Mars – Dymbil vika, gróðursetning, vorið. Endurvinnsla pappírs. Fjölskyldan okkar.

Apríl –Páskar, Sumardagurinn fyrsti. Aukin útivera og vorverk. Fara á myndlistasýningu og vinna verk út frá því.

Mái – Meiri áhersla á útiveru. Reggio blóma verkefni (týna fífla og setja á borð ásamt pappír og litum). Byrjað á sjálfsmyndum

Júní – útskrift elstu barnanna. Undirbúa sumarhátíð. Senda alla myndlist heim nema skissu bækur. Sameiginlegt verk barna á Klömbrum.

Júlí – Sumarfrí

Útbúa 2-4 box með hólfum sem hægt er að setja margskonar kveikjur í, ýmiskonar efni, hluti og verkfæri til mynd sköpunar.

Markmið með myndlistarkennslunni er:

Efla þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi verkefni

Efla frumkvæði.

Efla sjálfstæða hugsun.

Efla samskiptahæfni.

10.1.6 Tónlist

		Aðalefni	Teigur - Tún	Holt - Hlíð
Ágúst	SUMARLÖG	• Unnið með tónlist úti.	• Söng og hreyfingu	• Söng og hreyfingu
September	HAUSTLÖG	• Unnið með haustið	• Söng og hreyfingu með litinn	• Söng og hreyfingu með litinn
Óktóber		• Endurvinnsla og tónlist	Halloween! Hrekkjavökusýningu (hjá Signý) fyrir fjólskyldu ? Myndlist, leiklist og tónlist saman	Halloween!
Nóvember	VETRARLÖG	• 16. Nóv. Dagur Íslenskrar tungu Tónleikar.	• Söng og hreyfingu	• Söng og hreyfingu
Desember	JÓLALÖG	• Jólamaðness. • Jólatónleikar	Jólatónleikarferð - elstu börn	• Jólalög of skraut
Janúar		• Kynning á hljóðfærum.	Hljóðfæraleikari gest kemur í heimsókn í leikskólanum	Hljóðfæraleikari gest kemur í heimsókn í leikskólanum
Febrúar		• Taktæfingar og hreindæmi	Tónleikarferð - elstu börn	• Söng og trommu
Mars	VORLÖG	• Hlustunaræfingar	Dýrahljóð, hljóðfæri, veðri, hlútir,...	Dýrahljóð, hljóðfæri, veðri, hlútir,...
Apríl		• Unnið með tónlist úti.	Barnamenningarhátíð	
Maí	SUMARLÖG	• Söngur og hljóðfæragerð úr nátturulegum efnivið.	kynningar á erlendri tónlist	kynningar á erlendri tónlist
Júní		• Lokatónleikar og útskrift.	Kór tónleikar	Tónlistarstund með fjólskyduna



10.2 Fylgigögn B- Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs 2022 Foreldraráð telur að flestir liðir skólanámskrár séu vel unnir og vel rökstuddir. Þættir sem eru lagðir fram til endurmats frá fyrra ári eru að sjálfsögðu mikið litaðir af COVID faraldrinum, veikindum og tilheyrandi manneklu þannig að það er erfitt að meta gæði fyrri námskrár í ljósi þessa atburða. Jákvæð atriði eru 100% ráðning nýs sérkennslustjóra og að á næsta ári ættu myndlista- og tónlistarkennari að fá betri tíma til að sinna sínum störfum í stað afleysinga.

Ráðning verkefnastjóri fjölmennningar verður mikil bót fyrir leikskólastarfið og á vonandi eftir að efla samskipti barnanna bæði milli sín og starfsfólks, en það hlýtur að bæta sjálfstraust og líðan þeirra. Þau atriði sem að ráðið telur að sérstaklega þurfi að bæta eða fá nánari svör um eru: Fjölmennning og íslensk tunga Misræmi þykir milli fjárveitingu ríkisins miðað við fjölda barna á Klömbum sem eru með íslensku sem annað tungumál. Íslenska tungan er hægt og rólega að renna okkur úr greipum vegna mikils stafræns efnis, kvikmynda og þátta á ensku. Börn með íslensku sem móðurmál eru oft ekki að ná góðu valdi á tungumálinu og þurfa örvun. Fjárveiting þarf að vera meiri en einnig þurfa kennarar að vera með öflug tól í höndunum til þess að beita sem efla íslenska tungu hjá þessum aldurshópi. Í starfsáætlun er talað um loð töflu sögur, tól sem er notað til að efla íslenska málvitund. Það mætti efla kynningu á tólinu gagnvart foreldrum.

Upplýsingagjöf til foreldra Síðustu ár hafa vissulega einkennst af fordæmalausum tímum og margir hefðbundnir starfsliðir farið forgörðum vegna þessa, en við viljum vekja athygli á að upplýsingagjöf til foreldra mætti bæta. Stefnur skólans og hvernig hver deild ætlar sér að innleiða stefnurnar væri gagnlegt að fá matreiddar frá deildarstjórum, ekki bara í byrjun skólaárs heldur líka upprifjun í byrjun vorannar. Starfsmannavelta hefur verið mikil undanfarið og mætti bæta kynningu nýs starfsfólks. Helst með mynd svo að hægt sé að tengja nöfn við andlit

F. h. leikskólans Klambra

<u>Anna Björk Marteinsdóttir</u>	<u>01.07.2022</u>
Aðstoðarleikskólastjóri	Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Nafn leikskóla**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

